

Re: Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 – Vakin er athygli á auglýsingu tillögunnar

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 21.12.2022 13:41:41 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 21.12.2022 13:41:39 |
| Tilheyrir | 202211-0018 - Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 |

Efni

Re: Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 – Vakin er athygli á auglýsingu tillögunnar

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 21.12.2022 13:41:39 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | afgreidsla@sudurnesjabaer.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202211-0018 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Suðurnesjabæjar, dags. þann 8. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 ásamt umhverfisskýrslu.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu þann 30. mars 2021 og um tillöguna á vinnslustigi þann 12. apríl 2022. Vísað er í þær umsagnir og eiga athugasemdir þar enn við en þess ber að geta að tekið hefur verið tillit til margra þeirra t.d. um mikilvægi þess að huga að fuglalífi við nýja íbúabyggð (ÍB-12) austan við Sandgerðistjörn, að tekið sé tillit til náttúruvafars við byggingu nýrrar skólphreinsistöðvar við Djúpavík, og hugað að áhrifum á fuglalíf við gerð áningarstaðar fyrir ferðafólk sunnan við Hvalsnes (AF-6) sem og við íþróttasvæði austan Kirkjubólsvallar (ÍB-6) og stækkun Sandgerðishafnar (H-1), um tillit til fjöruvistgerða og fuglalífs við hönnun og framkvæmd hjóla- og göngustígs frá Sandgerði að Ósi (VE-GL-6) auk fleiri atriða.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki fleiri athugasemdir en vísar í fyrri umsagnir varðandi almenn efnisatriði sem mikilvægt er að fylgja eftir á síðari skipulagsstigum t.d. deiliskipulagsstigi. Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að fleiri ábendingum síðar varðandi framkvæmd einstakra áforma sem aðalskipulagstillagan fjallar um, eins og við á.

Virðingarfyllst og gleðileg jól,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Afgreiðsla Ráðhús Garði" <afgreidsla@sudurnesjabaer.is>

To:

CC: "Jón Ben Einarsson" <jonben@sudurnesjabaer.is>; "Magnús Stefánsson" <magnus@sudurnesjabaer.is>

Subject: Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 – Vakin er athygli á auglýsingu tillögunnar

Date: 8.11.2022 14:00:32

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti á fundi sínum þann 2. nóvember 2022 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 ásamt umhverfismatsskýrslu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Tillagan er aðgengileg í fylgiskjölum á vef Suðurnesjabæjar sudurnesjabaer.is

(<https://www.sudurnesjabaer.is/>) og Skipulagsstofnunar [skipulag.is](https://www.skipulag.is/) (<https://www.skipulag.is/>) frá og með 9. nóvember 2022 til 23. desember 2022. Einnig er hægt að nálgast tillöguna á skrifstofu Suðurnesjabæjar að Sannubraut 4 í Suðurnesjabæ.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma með ábendingar og gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 23. desember 2022.

Athugasemdum skal vinsamlegast skilað á afgreidsla@sudurnesjabaer.is undir yfirskriftinni „Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034 - Auglýsing“ fyrir 23. desember 2022. Athugasemdir má einnig senda í bréfi á skrifstofu sveitarfélagsins Sannubraut 4, 250 Suðurnesjabæ.

Vinnslutillaga aðalskipulagsins var send til umsagnar 22. mars sl. en hér er umsagnaraðilum einnig gefinn kostur á að veita umsögn um auglýsta tillögu. Sérstaklega er vakin athygli á skrá yfir vegi í náttúru Íslands sem kynn er með tillögunni.

Virðingarfyllst,

Jón Ben Einarsson
Skipulagsfulltrúi Suðurnesjabæjar